



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## KVÖLDVERÐUR Í HVÍTA HÚSINU FUNDIR Í WASHINGTON

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Dorrit Moussaieff forsetafrú sátu í gær, mánudaginn 10. júlí, kvöldverð í Hvíta húsinu í boði George Bush forseta Bandaríkjanna og Laura Bush forsetafrúar.

Kvöldverðurinn var helgaður starfi Special Olympics, íþróttastarfi í þágu andlega fatlaðra einstaklinga, og tileinkaður afmæli Eunice Kennedy Shriver, stofnanda Special Olympics og systur John F. Kennedy fyrrum forseta Bandaríkjanna.

Kvöldverðinn sátu m.a. forystumenn úr bandarískum stjórnámálum og áhrifamenn í bandarísku fjámála- og atvinnulífi, þingmenn, æðstu embættismenn Hvíta hússins og fjölskylda Eunice Kennedy Shriver, m.a. dóttir hennar Maria Shriver og eiginmaður hennar Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri í Kaliforníu, og Edward Kennedy öldungadeildarþingmaður. Meðal annarra öldungadeildarþingmanna má nefna Ted Stevens, aldursforseta Repúblíkana í Öldungadeildinni, og Tom Harkin, einn helsta áhrifamann Demókrata.

Þá sátu kvöldverðinn tólf andlega fatlaðir íþróttamenn sem náð hafa sérstökum árangri í íþrótt sinni.

Forseti Íslands færði forseta Bandaríkjanna að gjöf íslenskan lax og skyr í tilefni af sextugsafmæli George W. Bush fyrir nokkrum dögum, en sérstakt átak hefur verið gert undanfarið í Bandaríkjunum til að koma á framfæri íslenskum afurðum.

Forseti Íslands mun í dag eiga fundi með bandarískum þingmönnum og stjórnendum Special Olympics, m.a. um heimsleikana sem haldnir verða í Shanghai í Kína á næsta ári, en nokkrir kínverskir áhrifamenn sátu einnig kvöldverðinn.

*11. júlí 2006*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028). Þá geta fjölmiðlar snúið sér til Photo Office Hvíta hússins í síma +1 202 456 6709.*